

1. tölublað, 8. árgangur. Apríl 2012

FRÍMÚRARINN



Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi

Stofnfundur St. Jóhannesar- stúkunnar Lilju • 9

Ráðgátan um hringinn • 8

Karl XIII • 14

Í kærleika í 25 ár • 16

Stórhátíð Frímúrarareglunnar • 20

Fagmennska í tímanis rás



Michelsen úrin eru sérframleidd í númeruðu og takmörkuðu upplagi.



MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909



Kjölföt

- Fjárfesting í glæsileika



- Úrval kjölfata
- Kjólskyrtur
- Lakkskór
- Hattar
- Fylgihlutir

Ég hef borið ábyrgð á klæðaburði þúsunda karlmannna í þrjá áratugi. Ég er þakklátur fyrir traustið sem viðskiptavinir hafa ávallt sýnt mér.

Sigurður Þorólfsson, Bobó

Sigurður Þorólfsson (Bobó)



karlmenn

Laugavegi 7 Sími: 551 3033

Kjötborð &
fiskborð
í algjörum
sérilokki



Þín verzlun
Sélfabráut

FRÍMÚRARINN

Útgefandi

Frímúrararreglan á Íslandi
Skúlagötu 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

YAR

Pétur K. Esrason (R&K)

Ritstjóri

Steingrímur S. Ólafsson (IX)
denni@islandia.is

Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (IX)
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Ólafur G. Sigurðsson (VI)
olafurs@grant Thornton.is

Pétur S. Jónsson (VI)
pedro@medialux.com

Pór Jónsson (III)
thor12@ru.is

Auglýsingar

Páll Júlíusson (IX)
pj@pj.is

Prófarkalestur

Pór Jónsson (III)
thor12@ru.is

Netfang

Greinar sendist til
frimur@centrum.is
merktar: Frímúrarinn

Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar.

Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda.

Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

Forsíðumynd

Ljósmynd Guðmundur Skúli Viðarsson

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“

Fjölbreytni í starfinu

Stundum finnst manni tíminn líða alltof hratt. Það er farið að vora og samt finnst mér eins og vetrarstarfið hafi byrjað í gær. Eins og áður hefur þetta starfsár Reglunnar verið viðburðaríkt og einkennst af miklum krafti. Fundarsókn hefur verið afar góð og bræðurnir fjölmennt á marga stórviðburði. Ný Jóhannesarstúka var stofnuð í Reykjavík að viðstöddum miklum fjölda bræðra og á Regluháttíð komu yfir 400 bræður. Gróskan í starfi stúknanna er augljós og ánægjuleg.

Á haustmánuðum heimsótti ég meðal annars tvær fræðslustúkur en það er nýjung að Stórmeistari Reglunnar komi í formlegar heimsóknir í stúkur sem heyra undir aðrar

Jóhannesarstúkur. Ég sat fundi í Stykkishólmi og Vestmannaeyjum. Þessar heimsóknir voru sérlega ánægjulegar og eftirminnilegar því það er nánast með ólíkindum hvað fámennir hópar bræðra á báðum þessum stöðum hafa komið sér upp fallegri og myndarlegri aðstöðu fyrir starfseminu. Maður getur ekki annað en fyllst stolti þegar maður er viðstaddur fundi sem þessa.

Þegar bræður eru spurðir um hvað þeim finnst merkilegast við starfið verða svörin að vonum misjöfn. Það er svo margt sem Reglan býður mönnum og vekur áhuga bræðranna og athygli. Sjálfur sé ég, eða upplifi, eitthvað nýtt á hverjum fundi, jafnvel eftir hátt í fjóra áratugi í Reglunni. Það sýnir meðal annars efnislega dýpt í hugmyndafræði Reglunnar.

Eitt af því sem hefur aukist jafnt og þétt á stúkufundum er tónlistin, sérstaklega á stærri fundum eða við hátíðleg tækifæri. Í flestum stúkum eru nú bræður sem eru tilbúnir að miðla okkur hinum bræðrunum af

tónlistar- og sönghæfileikum sínum og það gerir fundina enn ánægjulegri. Söng- og tónlistaratriðin á Regluháttíð og stofnfundi Lilju eru til dæmis afar minnisstæð öllum sem þar voru. Þessi stóri hópur bræðra, einsöngvara, söngstjóra stúknanna, hljóðfæraleikara og kórfélaga á

miklar þakkir skilið fyrir að gera samkomur okkar svo eftirsóknarverðar. Þeir bókstaflega lyfta fundunum í aðrar hæðir.

Annað, sem mér finnst ástæða til að vekja athygli á, er að texti síðabálka á fundum er oftast á afburða góðri íslensku. Þegar frímúrarar starf hófst á Íslandi notuðu bræðurnir danska síðabálka. Þótt smám saman

væri unnið að því að þýða síðabálkana var það ekki fyrr en í upphafi fimmta áratugar síðustu aldar, þegar sambandið við Danmörku rofnaði vegna stríðsátaka, að íslenska var notuð á öllum fundum. Þeir bræður sem þýddu síðabálkana höfðu mikla þekkingu á íslensku máli og vönduðu verk sín vel, því enn er textinn notaður lítið breyttur. Og það er í raun unun að hlusta á þennan texta og það fallega mál sem hann er á. Síðabálkar á ungbræðrastigi eru til dæmis á einstaklega góðu máli sem ég hvet bræður til að hlusta vandlega á. Af þeim má mikið læra.

Þannig býður Reglan okkur mörg ólík sjónarhorn til að tileinka okkur fræðin.

Og nú lýkur brátt þessu starfsári. Ég þakka ykkur öllum, bræður mínir, fyrir samstarfið og samveruna í vetur og vona að þið og fjölskyldur ykkar eigið gott og ánægjuríkt sumar framundan.

Valur Valsson SMR



Valur Valsson.



Langflottastur í lit...

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

nashuatec

Gæðatæki á verði sem kemur á óvart



Einfaldaðu reksturinn og lækkaðu rekstrarkostnaðinn með nýrri vél frá Nashuatec.

Prentaðu/ljósritaðu í lit eða í svart/hvítu, skannaðu og faxaðu með sömu vélinni.

Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við getum gert fyrir þitt fyrirtæki.

Fremstir í prentækjum frá 1953

OPTIMA

Vinlandsleið 6-8 588 9000

www.optima.is

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Arnór L. Pálsson
frankvæðastjóri



Ísleifur Jónsson
útfarastjóri



Frimann Andrésson
útfaraþjónusta



Svafar Magnússon
útfaraþjónusta



Hugrún Jónsdóttir
útfaraþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfaraþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfaraþjónusta



Ellert Ingason
útfaraþjónusta

*Þegar andlát
ber að höndum*

*Önnumst alla þætti
útfararinnar*



**ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is



"READY FOR THE CHALLENGE"

JENSON BUTTON. FORMULA 1™ DRIVER

BOSS BOTTLED. SPORT.
THE NEW FRAGRANCE FOR MEN

Ráðgátan um hringinn enn dularfyllri

Hugleiðingar fornleifafræðings um að gullhringur, sem fannst í jörðu skammt frá Þingvallakirkju vorið 2009, tengdist Frímúrarareglunni byggjast á hæpnum forsendum, þótt ekki væri nema vegna þess að hringurinn er talinn vera frá 18. eða 19. öld. Altént er líklegra með hliðsjón af fundarstað að táknin Alfa og Ómega á hringnum bendi til að eigandinn hafi verið kirkjunnar þjónn fremur en frímúrari.

Alfa og Ómega tákna fyrsta og síðasta staf gríska stafrófsins, upphafið og endinn, og vísa þannig til guðs almáttugs. Þau eru með elstu táknmyndum kristinnar trúar.

Í umfjöllun um hringinn í Frímúrararannum í haust kom meðal annars fram að Anton Holt, safnvörður hjá Seðlabanka Íslands, teldi að hringurinn hefði verið borinn á litla fingri, hann væri svo smár. Það væri vísbending um að hann hefði verið „signethringur“, innsiglihringur.

Túlkaði hann það sem á honum stóð sem „F“ og „I“ (J) og setti fram þá tilgátu að Finnur Jónsson Skálholtsbiskup 1754–1785 hefði átt hann og týnt á Þingvöllum.

Samanburður við innsigli Finns á bréfum gæti sennilega skorið úr um það, þótt ekki væri það til skráð og teiknað eins og mörg önnur íslensk innsigli, eftir því sem sérfræðingar Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Landsbókasafns Íslands og Þjóðskjalasafns Íslands tjáðu Frímúrararannum.


Og þá hófst leitin að innsigliunum. Í Landsbókasafninu fannst ekki nema eitt innsigli á bréfi frá Finni en það var molnað og engin leið að átta sig á mynd þess þótt stækkað væri margfalt. Finnur hafði fallega hönd, það var á hinn bóginn augljóst af bréfinu.

Í Þjóðskjalasafninu leyndist aftur á móti fjöldi bréfa sem Finnur Jónsson hafði skrifað um aðskiljanlegustu efni, s.s. barnsfaðernismál prests, hlunnindi, upphot skólasveina, klæðnað þeirra og ölmusur. Viðtakendur bréfanna höfðu í mörgum tilfellum varast að brjóta innsiglið og opnað bréfin varlega.

Ljósmyndari Þjóðskjalasafnsins brást ljúflega við þeirri bön Frímúrarans að taka mynd af innsigliinu svo að



Innsiglihringur sem fannst á Þingvöllum.
Ljósmynd: Margrét Hallmundsdóttir.



Bréf sem Finnur Jónsson Skálholtsbiskup (1754-1785) skrifaði.

Ljósmynd: Þjóðskjalasafn Íslands.



Innsigli Finns.

Ljósmynd: Þjóðskjalasafn Íslands.

lesendur mættu bera það saman við hringinn. Þarf ekki fleiri vitnanna við. Upphafsstafirnir F og J eru greinilegir og skreytið allt annað en á hringnum. Ekki fannst neitt bréf með öðru innsigli en því sem sést á myndinni. Virðist af þessum sökum mega útiloka

Finn Jónsson biskup sem eiganda innsiglihringsins.

En ef hvorki Reglubróðir né Skálholtsbiskup átti hringinn, hver átti hann þá? Sannleiksleit Frímúrarans heldur áfram.

Þór Jónsson



Sigmyndur Arnar Arngrímsson stólmeistari Lilju. Ljósmynd: Kristján Maack.

Vinum í ljósi störfum saman

Stofnfundur St. Jóhannesar- stúkunnar Lilju

Stofnfundur St. Jóhannesarstúkunnar Lilju var haldinn í Regluheimilinu í Reykjavík, hinn 1. febrúar 2012.

SMR, Valur Valsson, setti fundinn og stjórnaði vígsluathöfninni og skýrði meðal annars frá ástæðunum fyrir stofnun stúkunnar. Þegar stofnskrá hinnar nýju stúku hafði verið lesin og skipunarbréf fyrsta Stm. Sigmundar Arnar Arngrímssonar, voru embættismönnum stúkunnar afhent tákni og skrúði sem þeim bar.

Nýr Stm. tók þá við stjórn fundarins og sagði frá undirbúningsvinnu við stofnununina og því liðsinni fjölmargra br. sem stofnendurnir hefðu notið. Sagði hann að hugmyndin að nafngiftinni hefði fæðst þegar hann sá fyrir hugskotssjónum sínum litla bók sem hann hafði oft handfjatlað og litið í. Þessi bók heitir LILJA, Krists konungs drápa tíræð, og hefur að geyma eitt fegursta helgikvæði íslenskt, sem sagan segir að allir vildu kveðið hafa,

og til kvæðisins muni stúkan sækja innblástur sinn.

Líkti hann stúkunni við bók þar sem hver örsk er óskrifuð;

„Það er okkar Liljubræðra að skrifa þessa bók með iðni og árvekni og af kærleika. Mestu varðar að við höfum ávallt að leiðarljósi hver tilgangurinn er og hvaða hugur fylgir því starfi okkar. Eða eins og segir í helgikvæðinu: Varðar mest til allra orða undirstaðan sé réttleg fundin.



Stofnendur Lilju.

Kjörorð St. Jóhannesarstúkunnar Lilju er *LABOREMUS IN LUCE, JUNCTE AGAMUS*, en fyrsti stafur hvers orðs myndar einmitt nafn stúkunnar. Á íslensku útleggst kjörorðið „Vinnum í ljósi – störfum saman“.

Frímúrarakórinn og einsöngvarinn Stefán Arngrímsson ásamt Jónasi Þóri og Ólafi Flosasyni fluttu Lilju, ljóð og lag sem sérstaklega var samið fyrir þennan stofnfund. Ljóðið er eftir Gunnlaug V. Snævarr en lagið við ljóðið samdi stjórnandi þessa frumflutnings, Jón Kristinn Cortez.

Að loknum stofnfundi var sett hátiðar- og veislustúka með hefðbundinni dagskrá. Ávörp fluttu SMR Valur Valsson, fv. SMR Sigurður Örn Einarsson og nývígður Stm. St. Jóhannesarstúkunnar Lilju, Sigmundur Örn Arngrímsson. Guðmundur Kristján Kolka, Stm. St. Jóhannesarstúkunnar Gimli og Gunnar Þórólfsson Stm. St. Jóhannesarstúkunnar Eddu fluttu hamingjuóskir frá öðrum St. Jóhannesarstúkum og fræðslustúkum.

Fyrir hönd stúknanna færðu þeir hinni nýstofnuðu stúku að gjöf bróðurbikar, sem hannaður er og smíðaður af Mímisbróðurnum Erling Jóhannesyni gullsmið.

Halldór Jóhannsson, Stm. St. Andrésarstúkunnar Heklu, færði hinni nýju stúku hamingjuóskir St. Andrésarstúknanna og St. Andrésar fræðslustúkunnar Hörpu og færði



Valur Valsson SMR flytur ávarp við bróðurmáltíðina.



Haraldur Dean Nelson, síðameistari Lilju, og Sigmundur Örn Arngrímsson, stólmeistari stúkunnar. Ljósmyndir: Kristján Maack.

henni að gjöf þrjá stórglæsilega fundarhamra frá St. Andrésarstúkunum, en þeir eru íslensk smíði úr íslensku

gullregni. Stofnfundinn sóttu 313 bræður.

Ólafur G. Sigurðsson

Erindi Jóhanns Loftssonar á stofnfundi Lilju:

Fyrir hvað stendur Reglan og hvaða verkefni blasa við henni?

Þau markmið Frímúrarareglunnar að göfga og bæta mannlífið, efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal, var rauði þráðurinn í erindi Jóhanns Loftssonar á stofnfundi Lilju.

Þegar í upphafi frímúrarastarfsins kynnst nýir bræður „heimspeki, sem er kjarninn í nær öllum mannræktar- og trúarbragðaboðskap heimsins“, sagði Jóhann og lagði áherslu á að sérhver bróðir, sérhver maður, hugleiddi hvar hann væri staddur í tilverunni, hvað hefði valdið því að hann væri þangað kominn og hvert stefndi úr þessu. Sérhver skyldi „axla ábyrgðina af ákvörðuninni og marka sér leið út úr þessari stöðu ef maður telur breytinga þörf.“

Sama ætti við um fyrirtæki, stofnanir og samfélög sem vildu vera virk og lifandi.

„Þannig þarf Reglan einnig að vera sífellt að fylgja eigin boðskap og gera sér grein fyrir því hvar hún er stödd í samfélaginu.“

Jóhann Loftsson skýrði frá því í erindi sínu, sem er sannkölluð hugvekja, að kona hefði sagt við hann að Frímúrarareglan væri úrelt samfélag karla sem hefði staðnað einhvern tíma í þroska sínum. Hún hefði ekki vitað að hann væri í Reglunni og hann ekki freistast til að deila við hana.

„En það var alveg ljóst að ég þurfti að svara sjálfum mér um það hvað Reglan stendur fyrir og hvaða verkefni blasa við henni í dag,“ sagði hann og hélt áfram: „Meirihluti þeirra barna á Vesturlöndum sem eru misnotuð, vanrækt og myrt eru drengir. Flest þeirra barna sem eru í fóstri, á meðferðarheimilum eða

á unglिंगastofnunum, eru drengir. 75% þeirra nemenda sem eru reknir úr skóla, falla, eru í sérkennslu eða verða fyrir ofbeldi í skóla eru drengir. Drengir eða karlar fremja 70% sjálfsvíga, drengir fremja 75% sjálfsvíga táninga. 80% heimilislausra eru karlmenn eða drengir. 70% eiturlýfjasjúklinga eða alkóhólista eru karlar. 93% fanga eru karlar. 99% þeirra sem teknir eru af lífi í Bandaríkjunum eru karlar.

Bræður mínir, ef þið skiljið, - eða ef synir ykkar skilja -, þá eru bara 7-8% líkur á að þið fáið umráðarétt yfir barninu ykkar.“

Að lokinni þessari upptalningu spurði Jóhann hvernig bræður í Reglunni hlúðu að og styddu hver annan, hve oft þeir hringdu í syni sína eða settust niður með þeim eða bræðrum sínum, meðbræðrum og föður til að ræða um tilfinningaátök lífsins og hvernig hægt sé á mismunandi hátt að takast á við það að vera strákur eða karlmaður.

„Hversu oft takið þið utan um strákana ykkar og leyfið þeim að gráta hjá ykkur yfir beiskleika heimsins?“

Út frá hinum bitru staðreyndum sem raktar voru í erindinu yrði ekki dregin önnur ályktun en að karlmenn hefðu sofnað á verðinum og mættu að ósekju huga betur að grundvallargildum frímúrarastarfsins. Sjaldan eða aldrei hefði verið meiri þörf fyrir Frímúrararegluna.

„Hafi einhvern tímann verið þörf á að við karlmenn stígum fram og ræktum betur syni okkar, þá er það núna.“

Fræðsluþingið „Kapítuli VIII“ vel sótt

Fræðslunefnd Frímúrarareglunnar efndi til fræðsluþingsins Kapítuli VIII í október sl. í samvinnu við Landsstúkuna og var það vel sótt. Um hundrað bræður sátu þingið og tóku virkan þátt í umræðum að loknum erindum. Þingið var haldið í framhaldi af Kapítula VII haustið 2010 en það var framhald af fræðsluþingunum sem kennd voru við Jóhannes og Andrés. Þegar er hafinn undirbúningur að Kapítula IX sem haldinn verður í haust, en einnig Jóhannes I sem

haldinn verður á Akureyri í október. Aðalfyrirlesarar á Kapítula VIII voru þeir sr. Örn Bárður Jónsson, Kristján Þórðarson og Matthías Árni Jóhannsson. Stórmeistari Frímúrarareglunnar, Valur Valsson, flutti ávarp og setti þingið en einnig fluttu þeir Allan Vagn Magnússon og Pétur Eðrason, oddviti fræðaráðs, ávörp við upphaf og slit þingsins. Þeir sr. Hjálmar Jónsson og Haraldur Sigurðsson veittu viðbrögð við erindi sr. Arnar Bárðar og þeir Gísli Benediktsson og Pálmi Gestsson

stýrðu umræðum, en ritari þingsins var Brynjólfur N. Jónsson. Efni þingsins hefur verið tekið saman og verður það í boði á bókasöfnum Reglunnar um allt land þegar heftið kemur úr prentun. Ráðstefnustjóri var sr. Kristján Björnsson, formaður fræðslunefndar, en auk hans eru í nefndinni Snorri Egilson, varaform., Haraldur Sigurðsson, ritari, Jóhann Ólafur Ársælsson og Þórður Jónsson.

Kristján Björnsson

Vegabréf Jóns Theodórs Hanssonar

Á skjalasafni Reglunnar er til vegabréf sem gefið var út 6. apríl 1926 til Jóns Theodórs Hanssonar skipstjóra í Hull. Slíkt vegabréf gera frímúrumurum kleift að sækja fundi erlendis.

Jón Theodór Hansson (John Hansson) fæddist í Reykjavík 10. janúar 1879. Foreldrar hans voru Hans Jónsson sjómaður, sem var kenndur við Hlíðahús, og kona hans Kristín Þórðardóttir. Jón missti móður sína aðeins 6 ára og ólst síðan upp hjá föður sínum að mestu. Prettán ára fluttist hann til Dýrafjarðar með föður sínum, en þegar hann varð 15 ára fluttist Jón aftur til Reykjavíkur og byrjaði sjómennsku á þilskipum. Árið 1901 útskrifaðist Jón Theodór úr Stýrimannaskólanum í Reykjavík og var efstur á prófi í sínum hópi.

Snemma árs 1912 fluttist Jón Theodór til Englands (Hull) og vann sem háseti á enskum togurum þar til hann fékk enskt stýrimannspróf 1913. Eftir það varð hann stýrimaður á togurum þar til fyrri heimsstyrjöldin braust út en þá urðu allir útlendingar að hætta vinnu á togurinum. Jón Theodór stundaði ýmsa vinnu á stríðsárunum og þegar stríðinu lauk fór hann aftur á sjóinn en gat ekki notað stýrimannsreittindin í fyrstu. Árið 1920 fékk hann undanþágu frá breskum stjórnvöldum og gat þá aftur skráð sig sem stýrimaður. Skipstjórpróf tók hann 1920 og var síðan skipstjóri á togurum hjá Storr Steam Fishing Ltd. í Hull. Breskan ríkisborgararétt öðlaðist hann 1922.


Jón gekk í St. Jóh.stúkuna Eddu 1924 og var félagi nr. 147. Hannn öðlaðist 3ja stig Reglunnar.

Jón Theodór giftist 1904 Þórunni Jóhannsdóttir frá Hafnarfirði. Þau voru barnlaus en tóku að sér stúlku-barn nýfætt og ólu upp sem sína eigin dóttur.

Jón fórst með skipi sínu s/t Lord Devonport H273 þann 18. mars 1928 við sjöunda mann þegar skipið rakst á sker við Hoy Island á Orkneyjum. Var skipið að koma úr veiðiferð á Íslandsmiðum.

Blessuð veri minning Jóns Theodórs Hanssonar.

Paul B. Hansen



Dugnaðarforkur hinn mesti



Blaðið Vörður 24. mars 1928

Þannig var sagt frá andláti Jóns Theodórs Hanssonar í Verði 24. mars 1928:

„Barst sú frjett hingað á fimmtudaginn að Jón Hansson skipstjóra á enska togaranum „Lord Devonport“ hefði tekið út af skipinu og druknað. Jón Hansson mun hafa verið ættaður hjeðan úr bænum, en hafði verið búsettur í Englandi og skipstjóri á enskum togurum árum saman, miðaldra maður og dugnaðarforkur hinn mesti.“

Ávarp Vals Valssonar SMR á Regluhátið

Valur Valsson SMR ávarpaði bræður á Regluhátið í janúar. Þar sagði hann meðal annars frá því að hann hefði átt þess kost að heimsækja margar stúkur um allt land á síðasta ári og þær heimsóknir hafi verið eftirminnilegar.

„Alls staðar er sama gróskan í starfinu og sami áhuginn. Og það vekur aðdáun hvernig bræðurnir hafa búið starfinu fallega og myndarlega umgjörð, jafnvel fámennustu fræðslustúkur. Allt er gert af vandvirkni og umhyggju og hvergi kastað til höndunum. Og sjálft starfið, sem er aðalatriðið, er bræðrunum til mikils sóma. Þar skortir ekki metnaðinn.

Þessar heimsóknir hafa sýnt mér að Frímúrarareglan höfðar sterkt til Íslendinga. Það er ekki aðeins fjöldi bræðra miðað við fólksfjölda sem vekur athygli heldur ekki síður hversu öflugt starfið er í stúkunum. Alls staðar er starf frímúrarara vel metið og á það litið með velþóknun. Hvar sem Frímúrarareglan hefur skotið rótum reynist hún styrkur fyrir samfélagið. Og ég vil nota þetta tækifæri og þakka ykkur fyrir hlýjar og bróðurlegar móttökur, hvar sem ég hef komið.“

Valur fór því næst yfir ýmis atriði, svo sem 10 ára stefnumótun fyrir St. Jóh. st. og minnst þar á nýja stúku, Lilju, sem sagt er frá á öðrum stað í blaðinu.

„Þá hafa stólmeistarar Jóhannesarstúknanna sem starfa hér í Regluheimilinu haft frumkvæði að því að ráðist verði í endurbyggingu Jóhannesarsalarins. Er gert ráð fyrir að það verk verði framkvæmt sumarið 2013. Það er vel við hæfi vegna þess að 15. nóvember 2013 verða 100 ár liðin frá stofnun bræðrafélagsins Eddu, sem markaði upphaf skipulagðs frímúrararstarfs á Íslandi.“

Þá minntist SMR á að síðasta sumar hafi fundur stórmeistara í sænska kerfinu verið haldinn hér á landi. Meðal þess sem þar hafi verið ákveðið er að leggja niður svokallaða Kanslaranefnd sem unnið hefur að samræmingu síðabálka. Því verki sé nánast lokið og ný nefnd, norræn samstarfsnefnd, sem skipuð er einum manni frá hverju landi hafi verið skipuð í staðinn. Fulltrúi Íslands í nefndinni verður R&K Kristján Þórðarson.

Þá sagði SMR í ræðu sinni:

„Þegar kreppt svonefnda skall á fyrir þremur árum var mikið talað um nauðsyn þess að snúa frá efnishyggjunni, sem reyndist landsmönnum svo dýrkeypt, og leggja meiri áherslu á siðfræðileg gildi. Hvatt var til þess að meira yrði hugað að hinu mannlega í lífinu og minna að því veraldlega. Þótt ýmsir



krefðust uppgjors og jafnvel hefnda fannst mér hugur flestra beinast að því að nú þyrfti að sættast og vinna saman. Og talað var um nauðsyn breyttra vinnubragða og opnara, vinsamlegra og umburðarlyndara samfélags.

Og þess sáust merki með ýmsum hætti að fólk breytti lífsstíl sínum. Fólk sótti menningarviðburði meira en áður. Kirkjusókn jókst og jólastressið minnk- aði að sögn fjölmiðla.

En önnur hlið kom einnig í ljós. Efnahagskreppan hefur gefið ýmsum tilefni til að vega að sjálfum rótum samfélagsins, jafnvel því besta sem við eigum, og krefjast breytinga. Fátt virðist

fá að vera í friði.

Gagnrýni er ekki slæm né að endurmeta það sem fyrir er. Almenn umræða er líka af hinu góða. En það er hætta á ferðum þegar því góða er ýtt til hliðar og ekkert kemur í staðinn.

Bræður mínir, það er núna sótt býsna hart að kirkjunni og kristninni í landinu. Kirkjan er ekki óvön gagnrýni. Í þúsund ár hefur hún þurft að verjast og alltaf staðið slíkt af sér. Ég trúi því að hún geri það líka núna og hún haldi áfram að vera undirstaða menningar okkar. En það er ekki sjálfgefið.

En nú er það ekki aðeins kirkjan sem á undir högg að sækja. Sótt er að sjálfri kristninni. Ég hygg að fleiri en ég hafi fyllst undrun og hryggð þegar fjölmiðlar sögðu frá því að skólayfirvöld hefðu sett það sem skilyðri fyrir árlegum jólaheimsóknum skólubarna í kirkjur í Reykjavík að ekki mætti fara með Faðirvorið. Það er mér ráðgáta hvernig svona hugmyndir fá framgang í borgarkerfinu okkar. Hvað er svona slæmt við Faðirvorið? Og svo átti að banna prestum að koma í skólana. Og kristinfræðslu hefur verið úthýst. Í þúsund ár hafa börn á Íslandi heyrt sögurnar um Jósep og Maríu og aðrar biblíusögur og lært utan bókar. Ég hygg að margir séu mér sammála að það hafi reynst okkur gott veganesti út í lífið.

Bræður mínir. Kærleikur á að vera aðalsmerki kristinna manna. „Allt, sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.“ Þessi orð Biblíunnar skal frímúrararbróðir ávallt hafa í huga. Við skulum því sýna öllum, sem hafa aðra sýn en við, kærleik og góðvild og vera grandvarir og hófsamir og umfram allt umburðarlyndir.

En umburðarlyndi þýðir ekki það sama og undanlátssemi. Sem kristnir menn skulum við, með þolinmæði og staðfestu, hvar og hvenær sem er, sýna trú okkar og kirkju stuðning, minnugir hvatningarinnar sem við heyrum á hverjum fundi á fyrsta stigi.“

Karl XIII



Karl hertogi af Södermanland, síðar Karl XIII Svíakonungur, hafði forystu um að móta svonefnt sænska Regluckerfi Frímúrarareglunnar. Karl fæddist í Konungshöllinni í Stokkhólmi hinn 26. september 1748 og andaðist þar 5. febrúar 1818. Hann var konungur Svía frá 1809 og Norðmanna frá 1814. Karl var annar sonur Adolfs Friðriks Svíakonungs, en móðir Karls var systir Friðriks mikla Prússakonungs. Eldri bróðir Karls var Gústaf III Svíakonungur. Karl gekk að eiga Heiðveigu Karlottu af Oldenburg. Þau eignuðust tvö börn en hvorugu varð lífs auðið. Karl átti einn son utan hjónabands.

Karl hertogi varð áhugamaður um dulfræði, andleg mál og trúmál. Hann varð einnig áhugamaður um byggingarlist og lystigarða og smekkaður á myndlist og bókasafnari. Karl hertogi varð áhugamaður um Frímúrararegluna og fræði frímúrarara. Frímúrarar hafa sinn skilning á því sem skæðar tungur kölluðu stjórnuspeki og dulfræðikukl Karls. Við nefnum þetta vinnu við hina konunglegu íþrótt.

Karl hertogi þótti sýna hugrekki í sjóorrustu við Hogland á Kirjálalbotni 17. júlí 1788. Einnig hlaut hann lof fyrir framgöngu í orrustu við Öland árið 1789. Smám saman kólnaði á milli bræðranna Gústafs III og Karls. Þrátt fyrir þetta bendir ekkert til þess að Karl hafi neitt vitað um aðdragandann að morðinu á Gústafi III við grímudansleikinn í Stokkhólmsóperunni 29. mars 1792. Eftir morðið var Karl ríkisstjóri Svíþjóðar frá 1792 til 1796. Almennt er talið að Karl hafi verið reikull í stefnu á stjórnmalasviði. Samt þótti hann taka frumkvæði við stjórnartaumana fyrst eftir konungsmorðið. Árin sem Karl var ríkisstjóri hafa fengið harða dóma í sænskri sögu og það hefur bitnað á minningu hans. Ytri atvik og áhrif skiptu máli sem Svíar réðu ekki yfir.

Árið 1796 tók Gústaf IV Adolf við völdum. Ungi konungurinn reyndi að taka upp hætti föður síns Gústafs III. Þetta vakti hörð viðbrögð og ekki síður ævintýramennska hans í utanríkis-



málum. Var hann loks rekinn frá völdum og í útleið vorið 1809. Ríkisþingið kaus Karl Svíakonung 6. júní 1809. Karl varð Svíakonungur XIII og síðar jafnframt Karl II Noregskonungur. Ný ríkisstjórn sneri utanríkisstefnunni frá fjandskap við Frakka og má segja að ávöxtur nýrrar stefnu hafi verið ákvörðun um að bjóða frönskum herforingja ríkiserfðir í Svíþjóð.

En Karl Svíakonungur XIII naut sín aldrei í háseti. Hinn 24. nóvember þetta sama ár fékk hann heilablóðfall þegar hann hafði verið konungur tæpt hálf ár. Karl XIII var konungur til dauðadags 5. febrúar 1818, eða tæpan áratug, en tók lítinn sem engan þátt í stjórnarstörfum. Hann missti meðvitund á ríkisráðsfundum, þjáðist af minnisleysi, átti erfitt með að klæða sig, tjá sig eða að hreyfa sig. Nýi krónprinsinn, Jean-Baptiste Bernadotte, tók við stjórnarforystu árið 1812. Í fyrstu var Karl á móti því að Bernadotte yrði valinn ríkiserfingi. En eftir að þeir kynntust heillaðist Karl af hæfileikum ríkiserfingjans. Þrátt fyrir heilsubrest og valdahagsmuni var Karl nógu mikill maður og ber það honum fagurt vitni.

Kjörorð Karls konungs XIII var: „Folkets væl min högsta lag“: Velferð almennings ofar öllu. Hann helgaði líf sitt þörfum lands og þjóðar. Því má halda fram að Karl hafi stuðlað að þingræðislegri þróun í Svíþjóð og um

leið tryggt konungsveldið í sessi eftir ótrúlegar sviptingar.

Árið 1735 bar aðalsmaðurinn Axel Wrede-Sparre frímúrararljósið til Svíþjóðar frá París, en þar hafði hann vígst bróðir árið 1731, og fór fyrsta upptakan í Svíþjóð fram 17. mars 1735. Konungssynirnir Gústaf og Karl urðu báðir reglubræður. Karl tók vígslu árið 1771. Hinn 7. júní 1774 varð Karl stjórnandi meistari Frímúrarareglunnar og tók við því starfi af frumkvöðlinum Karl Friedrich Eckleff. Hinn 30. nóvember sama ár varð Karl Stórmeistari Reglunnar eftir Karl Fredrik Scheffer. Karl hertogi stýrði 1797 til 1800 umvifamiklu fræðastarfi og skipulagsstarfi fyrir Frímúrararegluna. Með þessu má segja að sænska Regluckerfið hafi orðið til. Grundvallarskipan gekk í gildi árið 1800 og siðabálkar Jóhannesarstiganna einnig og Andrésarstiganna ári síðar. - Og árið 1811 stofnaði Karl konungur orðu Karls XIII fyrir Reglubræður. Það er fróðlegur kaffi í Reglustarfi Karls að árið 1776 vígði hann Hedvig Charlotte, eiginkonu sína, inn í sérstaka kvennastúku sem síðan starfaði í tengslum við sænsku hirðina. Nokkru áður höfðu frímúrarastúkur kvenna orðið til í Frakklandi.

Karl Friedrich Eckleff, sem andaðist árið 1776, vann mótunar- og skipulagsstarf í upphafi frímúrarastarfs í Svíþjóð. Það varð hlutverk Karls hertoga að ljúka þessu skipulagsverki og niðurstöðurnar sýna skipulagsgáfu, þekkingu og metnað. Til viðbótar við breskan uppruna, frönsk áhrif og kristna dulhyggju einkennir það sænska regluckerfið að það er mótad í nánd við konungsembættið og riddarastéttina. Enn starfa norrænir frímúrarar eftir hugmyndum og skipulagi Karls. Er um það sammæli að farsælast sé að fylgja fyrir mælum hans sem nákvæmast og víkja sem minnst frá lesmáli hans. Þeir eru fáir frumkvöðlarnir á 18. öld sem hafa hlotið slíkan dóm eftirmanna sinna.

Jón Sigurðsson DSM

Miele

Farðu alla leið með Eirvík

Innréttingar og eldhústæki

Hannað af alúð og framleitt af þýskri nákvæmni.
Ráðgjöf, hönnun og uppsetning allt á einum stað.
Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur.



bulthaup

Häcker
kitchen.germanMade.

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Heyrnartæki sniðin að þínum þörfum

ÓKEYPIS
HEYRNAR
MÆLING!



HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

MEIRI AFKÖST VIÐ BÓKHALDIÐ

Regla er nútíma viðskiptakerfi sem getur m.a. nýtt sér færslur frá bönkunum, sjálfvirkni og rafræn skil til þess að auka verulega afköst við bókhaldsvinnu og auðvelda þannig rekstur jafnt lítilla sem meðalstórra fyrirtækja.

Prófaðu fjölmarga kosti Reglu viðskiptakerfis
frítt í 30 daga á www.regla.is

 **regla**

Fullbúið netbókhald fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki



Stofnendur Fjölnefnis hittust í tilefni af 25 ára afmæli stúkunnar. Ljósmynd: Bjarni Ómar Guðmundsson.

Í kærleika í 25 ár

Sankti Jóhannesar stúkan Fjölnefnd átti merkisafmæli 25. janúar 2012. Þá var aldarfjórðungur liðinn frá því að stúkan var stofnuð í Reykjavík árið 1987.

Rúmlega 200 bræður sóttu afmælisfund sem haldinn var í Regluheimilinu 24. janúar. Söngur og hljóðfærasláttur gáfu fundinum hátíðlegan svip. Meðal annars var sótt í smíðju frímúrarans og tónsnillingsins Wolfgang Amadeusar Mozart og tónlistarflutninginn önnuðust Hjörleifur Valsson fjölmúlarí, Kristján Jóhannsson söngvari, Ólafur W. Finnsson orgánleikari og Frímúrarakórinn undir stjórn Jóns Kristins Cortez.

Tónlist nærir sálina af fegurð og kærleika og undirstrikaði einkunnarorð stúkunnar Caritate.

Hátíðleg samkoma

Guðmundur Kr. Tómasson, stólmeistari Fjölnefnis, flutti ávarp og fjallaði meðal annars um stofnun stúkunnar, tilgang starfsins og framvindu þess í 25 ár. Þá afhenti hann Reglunni fyrir hönd stúkunnar og bræðrana veglega gjöf í tilefni afmælisins.

Á fundinum fengu sex Fjölnefnisbræður afhent heiðursmerki stúkunnar

ar fyrir viðamikil og óeigingjörn störf í þágu stúkunnar og bræðrana.

Fundinn sóttu meðal annars allir stólmeistarar Fjölnefnis frá upphafi og fjölmargir úr hópi stofnenda hennar. Að fundi loknum var sest til borðs þar sem bræðurnir snæddu saman dýrindis máltíð og nutu samvista. Fjölnefni voru færðar gjafir í tilefni tímamótanna og bræðurnir fengu afhent ágrip af sögu Fjölnefnis og táknaða gjöf, kertastjaka, sem bræður kunnu vel að meta.

Ekki áhlaupaverk

Nú er ekki hlaupið að því að stofna stúku, það geta þeir vottað sem nýverið settu á fót Lilju, og um það vitna sömuleiðis nákvæm gerðarbók og þættir úr sögu Fjölnefnis sem Reglan varðveitir.

Ákvörðunin um stofnunina var tekin á fundi Æðstaráðs Frímúrarareglunnar á Íslandi þann 17. september árið 1985. Undirbúningurinn var falinn bróður Vali Valssyni, núverandi SMR, og var hann jafnframt fyrsti stólmeistari stúkunnar. Valdi hann með sér bræður sem störfuðu að þessu markmiði með honum sleitulaust uns

stofndagurinn 25. janúar 1987 rann upp.

Fyrsti starfsfundur stúkunnar var samkvæmt fundargerðarbókinni tveimur dögum síðar og var þá einnig tekinn upp fyrsti nýi ungbróðirinn.

Stofnendur stúkunnar voru 39 talsins. Þessi tala kemur fram í stúku-merki stúkunnar sem 39 hlekkir í örjúfanlegri keðju.

Hver bróðir mikilvægur hlekkur

Gunnar Möller, þáverandi SMR, fylgdi stúkunni nýju úr hlaði með góðum óskum um velfarnað í bráð og lengd: „Ég lýsti því í inngangsorðunum, að mikilvægt væri að fá hæfan leiðtoga. En í öllum stúkum er hver bróðir mikilvægur hlekkur og alveg sérstaklega liggur það í augum uppi í fámennu liði, eins og því sem hér ýtir úr vör.“

Við stofnun stúkunnar sagði Valur Valsson meðal annars:

„Í okkar umsjá er nú nýgræðingur. Það er skylda okkar að annast hann af bróðurlegri umhyggju, veita honum skjól, birtu og yl, svo að af honum vaxi völdugt tré.“

Bræðrafjöldinn hefur margfaldast í stúkunni Fjölnefni á þessum 25 árum sem gefur eindregið til kynna að hún hafi notið skjóls, birtu og yls frá frumkvöðlunum í ríku mæli.

Þór Jónsson

Golfklúbburinn Frímánn 10 ára

Á 10 ára afmælisári golfklúbbsins Frímánn 2011 var haldið eitt alglaesilegasta landsmót sem nokkru sinni hefur verið haldið á þessum árum

sem liðin eru frá stofnun hans. Ber að þakka sérstaklega bræðrum okkar úr Hamri með Má Sveinbjörnsson í broddi fylkingar fyrir stórkostleg-

an undirbúning og framkvæmd mótsins sem fram fór í Hafnarfirði.

Landsmót 2012 fer fram í Vestmannaeyjum að þessu sinni laugardaginn 11. ágúst og er eftirvæntingin mikil.

Þann 14. nóvember 2001 stofnuðu 62 bræður og systur golfklúbbinn Frímánn. Undirbúningnefnd að stofnun klúbbsins var skipuð þeim Hannesi Guðmundssyni úr Gimli, Guðmundi S. Guðmundssyni úr Mími og Hauki Björnssyni úr Mími. Það var einmitt sá síðastnefndi sem lagði til að nafn klúbbsins yrði Frímánn - Golfklúbbur Frímúrara skamstafað FGF.

Á stofnfundinum voru hugmyndir háleitar eins og vænta mátti varðandi starfsemi klúbbsins og náðu sumar miklum hæðum. Bróðir okkar úr Gimli og raunsæismaður mikill Hannes Guðmundsson sté í pontu og fór yfir þá umræðu sem hafði farið fram á fundinum og dró fundarmenn aftur niður á jörðina. Meðal annars var rætt um kaup á landi undir golfvöll. Hannes benti mönnum á að það eitt að byggja upp golfvöll kostaði mikla peninga, hundruð milljóna króna, og taldi Hannes betra að stíga fyrstu skrefin varlega til jarðar í þessum efnun og hefja þess í stað viðræður við minni starfandi golfklúbba og aðstoða þá og efla til frekari uppbyggingar sinna valla. Það varð síðan úr að fljótlega veturinn 2001-2002 hófst samstarf við golfklúbb Bakkakots sem komið var á og hefur haldist nánast sleitulaust síðan. Nokkrir af stjórnarmönnum og fulltrúum Frímánn hafa síðan gegnt stjórnarstörfum í golfklúbbi Bakkakots í gegnum tíðina.

Fyrsta stjórn Frímánn var skipuð þeim Guðmundi S. Guðmundssyni Mími sem var formaður, Antoni



Stoltir verðlaunahafar úr hópi bræðra og systra.



Jóhann Gunnar Stefánsson, formaður Frímánn, ávarpar glaða golfara.

Bjarnasyni Glitni, Leópol Sveinssyni Fjölmi, Birni Karlssyni Hamri, Ágústi Ragnarssyni Mími, Paul Bjarne Hansen Gimli, Hannesi Guðmundssyni Gimli, Hauki Björnssyni Mími og Einari Einarssyni Eddu.

Stór hópur bræðra sem tók að sér stjórnarstörf í upphafi hefur síðan sett á fót sérstakan hóp sem þeir nefna Bakhjarlar Frímánn. Sá hópur hefur með mikilli ósérhlífni og dugnaði haldið utan um og séð um framkvæmd á styrktarmóti einu sinni á ári og er það einn af þeim máttarstólpum sem golfklúbburinn Frímánn reidið sig á til að geta staðið við skuldbindingar þær sem stórhuga bræður lögðu upp með í upphafi. Það er því að þakka að miklu leyti að starfsemi klúbbsins effist ár frá ári og við getum horft björtum augum til framtíðarinnar með traustan fjárhag. Þessum mönnum vil ég færa sérstakar þakkir á þessum tíma-

mótum.

Í hönd fer sjötta starfsár mitt sem formaður Frímánn og hefur hvert ár borið með sér sínar ánægjulegu áskoranir. Það er von mín að Frímánn fái að dafna og vaxa á næstu árum en síðustu ár hafa markað starfsemi Frímánn til jafns við aðra félagsstarfsemi eins og gefur að skilja, en það eru bara bjartari tímar framundan. Þá er von mín og ósk að þú, kæri lesandi, verðir með okkur og stuðlir þar með að gróskufullu starfi Frímánn um ókomna framtíð. Þá vil ég hvetja alla bræður og fjölskyldur þeirra til að nýta sér þá þjónustu sem stendur til boða fyrir félaga í Frímánni Golfklúbbi Frímúrara og eiga jafnframt ánægjulegt golfsumar.

*Jóhann Gunnar Stefánsson,
formaður FGF*

Skosk Mark Token mynt

Peningar þessir voru bræðrunum dýrmætir

Minjasafn Reglunnar geymir ýmsa forvitnilega hluti sem kannski fer lítið fyrir, en meðal þeirra má finna litla peninga, svokallaða „Token“. Þessir peningar voru gefnir þeim meisturum sem boðin var frömun í faginu, og voru þá eftir það kallaðir „Mark Master Masons“. Það mætti segja að þetta stig var á milli 3 og 4°. Þessir peningar

voru alla jafna kallaðir Penny og Halfpenny. Peningar þessir voru smiðunum dýrmætir því út á þá gátu þeir fengið lán, og að greiðslu lokinni fengu þeir pening sinn til baka. Önnur hlið peningsins vísaði til stúkunnar sem gaf út peninginn en á hinni hliðinni var gjarnan „höfuðsteinninn“ sem hélt steinboganum saman. Þetta

vísar til þess að frímúrarinn skuli ávallt halda gefin loforð um einingu bræðralagsins og vera góður og gegn þegn þjóðfélagsins. Því eins og segir í Sálmunum 118. vers 22: „Steinninn sem smiðirnir höfnuðu er orðinn að hyrningarsteini“.

Þessir peningar hér eru frá Skotlandi.



*Stúkan Newlands nr. 949
Coalburn, Lanarkshire*



*Minnispeningur frá stúkunni
Delting nr. 1736 á Hjaltlandi.*



*Stúkan Bryde nr. 579 í Uddings-
ton, Lanarkshire*



Tveir seðlar frá The Lodge of Edinburgh en á þeim stendur „The Master and the Warden on behalf of the Lodge, hereby pay the wages which are just due and demanded“. Þegar þessir seðlar voru gefnir út var ekki hægt að útvega kopar til að slá hina venjulegu markpennamynt. Ljós.: Guðmundur Skúli Viðarsson.



Frá Minjasafni Reglunnar

*Einar Thorlacius
minjavörður*





Björn Óskar Björgvinsson

Nýr stólmeistari St. Andr. stúkunnar Helgafells í Reykjavík

Þann 15 febrúar sl. fór fram stólmeistararakjör í St. Andr.st. Helgafelli. Kjörinn var br. Björn Óskar Björgvinsson og var hann settur í embættið þann 29. febrúar.

Björn er fæddur að Klausturhólum í Grímsnesi 31. maí 1947. Foreldrar hans voru Björgvin Magnússon og Guðný Friðbjarnardóttir, bændur þar.

Björn lauk stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands árið 1970 og hóf þá nám í endurskoðun, varð löggiltur endurskoðandi árið 1978 og hefur starfað við endurskoðun síðan.

Hann gekk í St. Jóh.st. Fjölni 26. febrúar 1991 og hefur starfað sem varaféhirðir Fjölnis og síðan skoðunararmaður Fjölnis undanfarin ár. Hann hefur starfað í Helgafelli sem V.Sm. og Sm. og síðan Vm. frá árinu 2006, þar af 1.Vm. frá árinu 2007.

Björn er kvæntur Sólveigu Júlíusdóttur sjúkraliða og eiga þau 5 börn og 15 barnabörn.



Lárus J. Atlason

Nýr stólmeistari St. Jóh. stúkunnar Iðunnar í Reykjavík

Nýlega fór fram stólmeistararakjör í St. Jóh.st. Iðunni. Kjörinn var br. Lárus J. Atlason og var hann settur í embættið af HSM Allan V. Magnússyni þann 25. febrúar.

Lárus fæddist í Reykjavík 22. september 1951, sonur hjónanna Atla Helgasonar og Sifjar Áslaugar Johnsen. Hann stundaði nám við Verzlunarskóla Íslands og Loftskleytaskóla Pósts- og síma áður en hann lærði flugvirkjun og flug. Hann starfaði m.a. sem flugvélstjóri hjá Arnarflugi hf. um árabil, þá sem deildarstjóri hjá Flugmálastjórn Íslands í 15 ár og undanfarin 12 ár hjá Flugfélaginu Atlanta. Hann gekk í St. Jóh.st Mími 1978, var einn af stofnfélögum í St. Jóh.st. Fjölni 1987 og einn af stofnendum St. Jóh.st Iðunnar 2010 þar sem hann hefur gegnt embætti Fh.

Lárus er kvæntur Nönnu Guðrúnu Zoëga og eiga þau 6 börn og 10 barnabörn.



Stefán Snær Konráðsson

Nýr stólmeistari St. Jóh. stúkunnar Fjölnis í Reykjavík

Stefán Snær Konráðsson var kjörinn nýr stólmeistari St. Jóh.st. Fjölnis þann 21. febrúar og tók við embættinu þann 6. mars.

Stefán er fæddur árið 1958, sonur Konráðs Péturssonar og Erlu Stefánsdóttur. Hann lauk stúdentsprófi frá MK árið 1979, íþróttakennaraprófi frá KHÍ 1982 og BSc prófi í íþróttastjórnun frá Íþróttaháskólanum í Osló 1988. Stefán hefur lengi starfað innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi, lengst af sem framkvæmdastjóri Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Síðan 2007 hefur hann starfað sem framkvæmdastjóri Getspár – Getrauna.

Stefán gekk í St. Jóh.st Fjölni 1989. Hann hefur lengi starfað í embættum innan Fjölnis, bæði sem Sm. stúkkunnar svo og sem einn af Vm. hennar.

Hann er kvæntur Valgerði Gunnarsdóttur og eiga þau þrjú börn og eitt barnabarn.

Ljósmyndir: Jón Svavarsson

**Minningarkort
bræðranefndar fást á www.frmr.is**



Sigmundur Örn Arngrímsson

Fyrsti stólmeistari St. Jóh. stúkunnar Lilju í Reykjavík

Fyrsti stólmeistari nýstofnaðrar St. Jóh. st. Lilju er Sigmundur Örn Arngrímsson.

Sigmundur er fæddur í Reykjavík 1941, sonur Arngríms Sigurjónssonar og Guðrúnar Öldu Sigmundsdóttur. Hann nam við Norræna lýðháskólann í Kungälv, Svíþjóð, Samvinnuskólann að Bifröst, Leiklistarskóla Leikfélags Reykjavíkur og Stokkhólmsháskóla auk þess að hafa sótt ótal námskeið í leiklist og stjórnum.

Sigmundur starfaði í Samvinnubankanum samhliða leiklistarstörfum 1962-69, var listrænn framkvæmdastjóri Leikfélags Akureyrar og leikari og leikstjóri 1969-71. Hann var fastráðinn leikari við Þjóðleikhúsið og stjórnaði þar nokkrum leiksýningum á árunum 1973 til 1983 þar til hann tók við starfi skipulagsstjóra leikhússins. Hann var varadagskrárstjóri Sjónvarps 1989-93 þar til hann hóf aftur störf hjá Þjóðleikhúsinu.

Sigmundur gekk í St. Jóh.st. Eddu og starfaði þar sem v.Y. Stv. Hann er stofnfélagi í Heklu og var þar v.Y. Stv. og Vm. og hefur starfað ótullega í Frímúrarakórnum sem félagi og stjórnarmaður.

Sigmundur er kvæntur Vilborgu Þórarinsdóttur, útibússtjóra Íslandsbanka. Hann á fjögur börn, einn stjúpson og 11 barnabörn.



Hákon Örn Arnþórsson

Nýr stólmeistari St. Jóh. stúkunnar Mímis í Reykjavík

Hákon Örn Arnþórsson var kjörinn nýr stólmeistari St. Jóh.st. Mímis þann 19. mars sl. og settur í embættið þann 2. apríl.

Hákon er fæddur 17. maí 1956 og er sonur Arnþórs Sigurðssonar og Arndísar Árnadóttur. Hann lauk sveinsprófi í húsmíði 1977 og meistarakráttindinum í greininni 1979, en þá flutti hann til Danmerkur þar sem hann lauk BSc prófi í byggingatækni-fræði 1984 frá Københavns Teknikum.

Hákon starfaði á verkfræðistofunni Ferli frá 1985 til 1993, síðan hjá Skeljungu en flutti svo í Borgarnes 1994, þar sem hann gegndi stöðu umdæmisstjóra Fasteignamatís ríkisins fram til ársins 2003. Þá hóf hann störf hjá Bygginga- og tæknideild Háskóla Íslands og starfaði þar fram til ársins 2008, er hann tók við starfi rekstrarstjóra stúdentagarða Félagsstofnunar stúdenta.

Hákon gekk í St. Jóh.st. Mími febrúar 1989, flutti sig yfir í St. Jóh. st. Akur 1995 og síðan aftur í St. Jóh. st. Mími árið 2003. Hann starfaði sem ritari Akurs í 6 ár og síðan sem Vm. Í Mími hefur hann gegnt starfi v.Sm., R, og síðast Vm. frá árinu 2006.

Hákon er kvæntur Katrínu G. Gunnarsdóttur, sem er aðstoðarmaður lögmannna á LOGOS lögmannsstofu. Eiga þau 2 börn.

Ljósmyndir: Jón Svavarsson

Stórhátíð Frímúrarareglunnar

Stórhátíð Reglunnar var haldin 22. mars 2012 og sóttu 286 bræður hátíðina og er óhætt að segja að þétt hafi verið setið. Einn bróðir var vígður til R&K, Guðmundur Guðmundsson. Einn R&K lét af embætti á fundinum, Þorsteinn Sv. Stefánsson, sem lét af embætti IVR. SMR þakkaði honum mikið og óeigingjarnt starf fyrir Regluna og bræðurna um árabíl. Þá var Kristján Þórðarson skipaður IVR.

Aðrar breytingar á skipan embættanna má sjá hér til hægri og og heimasíðu Reglunnar.

Á fundinum voru jafnframt fluttar skýrslur um störf Reglunnar á liðnu starfsári sem og skýrsla um fjárhagsmál Reglunnar. SMR Valur Valsson þakkaði öllum þeim sem luku störfum á starfsárinu fyrir vel unnin störf og bauð nýja embættismenn velkomna.

Fyrirverandi ÆKM, Þórir Stephensen, ávarpaði hinn nýja R&K við borðhaldið.



Guðmundur Guðmundsson nývígður R&K og Valur Valsson SMR. Guðmundur er fyrsti Mælifellsbróðirinn sem verður R&K.

Ljósmynd: Jón Svavarsson.

Frá Stjórnstofu

Eftirtaldar breytingar urðu á skipan embætta í Æðstu stjórn Reglunnar og í Landsstúku Frímúrarareglunnar á Íslandi, Stúartstúkunni á Akureyri og ráðum Reglunnar á Stórhátíð 22. mars 2012:

1. Hæstupplýstur br. R&K Þorsteinn Sv. Stefánsson sem náð hefur hámarksaldri embættismanna, er hér með leystur frá embætti Innsiglisvarðar Reglunnar.
2. Hæstupplýstur br. R&K Kristján Þórðarson er hér með skipaður til þess að vera Innsiglisvörður Reglunnar, jafnframt er hann leystur frá embætti Merkisbera Reglunnar.



Kristján Þórðarson IVR

Nýr Innsiglisvörður

Á Sth. tók Kristján Þórðarson, R&K, við embætti IVR. Kristján gekk í St. Jóh.st. Eddu 10.04 1984 og varð R&K í mars 2008. Kristján var v.Y.Stv., E.Stv. og Vm. í Helgafelli og stofnandi og fyrsti Stm. Heklu. Þá er hann einn af stofnfélögum St. Jóh.st. Lilju. Kristján var Y.St.Stv. í Landsstúkunni. Hann fékk heiðursmerki Heklu og Eddu. Kristján var MBR og þar með varaoddviti Stúkuráðs.

Ljósmyndir: Jón Svavarsson

3. Hæstupplýstum br. R&K Jóni Sigurðssyni Dróttseta Stórmeistarans er hér með falið að gegna störfum Stallara Reglunnar og Oddvita Stúkuráðs tímabundið í forföllum Hæstupplýsts br. Gunnlaugs Claessen.
4. Hæstupplýstur br. R&K Aðalsteinn V. Júlíusson er hér með skipaður til að vera Merkisberi Reglunnar, jafnframt er hann leystur frá embætti Eldri Stór Stólvarðar

Landsstúkan, embættisskipan:

5. Hæstupplýstur br. R&K Björn Samúelsson er hér með skipaður til þess að vera Eldri Stór Stólvarður. Jafnframt er hann leystur frá embætti Yngri Stór Stólvarðar.



Aðalsteinn Júlíusson MBR

Nýr Merkisberi

Á Sth. tók Aðalsteinn V. Júlíusson, R&K, við embætti MBR. Aðalsteinn gekk í St. Jóh.st. Rún 13.11 1974 og varð R&K í mars 2004. Hann gegndi embættum V.Sm., Sm. og Vm. og var Stm. Rúnar 1994. Í Landsstúkunni var hann E.Y.Stv., Y.St.Stv. og E.St. Stv. Aðalsteinn fékk heiðursmerki Rúnar, Mælifells, Huldar og 50 ára afmælismerki Frímúrarareglunnar. Hann var varaoddviti Fræðaráðs og varaoddviti Fjárhagsráðs og situr í Húsnefnd.

6. Hæstupplýstur br. R&K Guðmundur Guðmundsson er hér með skipaður til að vera Yngri Stór Stólvarður. Jafnframt er hann leystur frá embætti Eldri Yfir Stólvarðar
7. Upplýstur br. Guðmundur Ágúst Ingvarsson er hér með skipaður Eldri Yfir Stólvarður
8. Háttupplýstur br. r.p. Paul Bjarne Hansen, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með skipaður til þess að vera áfram Skjalavörður Reglunnar til næstu Stórhátíðar.
9. Háttupplýstur br. r.p. Magnús Ketilsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með skipaður til þess að vera áfram Búningavörður Reglunnar til næstu Stórhátíðar.
10. Háttupplýstur br. r.p. Lúðvík J. Eiðsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti E. St. Stú.
11. Háttupplýstur br. r.p. Björn Ragnarsson er hér með skipaður E. St. Stú. Jafnframt er hann leystur frá starfi Aðstoðar Féhirðis.
12. Háttupplýstur br. r.p. Páll Ólafur Pálsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti Y. St. Stú.
13. Háttupplýstur br. r.p. Páll Egilsson er hér með skipaður Y. St. Stú. Jafnframt er hann leystur frá embætti Aðstoðar Féhirðis.
14. Háttupplýstur br. r.p. Haraldur Sigurðsson er hér með skipaður Aðstoðar Féhirðir.
15. Háttupplýstur br. r.p. Hákon Sigurðsson er hér með skipaður Aðstoðar Féhirðir.
16. Háttupplýstur br. r.p. Hermann Jónsson er hér með skipaður Aðstoðar Féhirðir.
17. Háttupplýstur br. r.p. Hilmar Guðbjörnsson, sem náð hefur hámarks

- starfstíma embættismanna er hér með leystur frá embætti Fylgdarmanns Stórmeistara Reglunnar.
18. Háttupplýstur br. r.p. Lárus J. Atlason er hér með leystur frá embætti Fylgdarmanns Stórmeistara Reglunnar að eigin ósk.
 19. Upplýstur br. Albert Sveinsson er hér með skipaður til að vera Fylgdarmaður Stórmeistara Reglunnar.
 20. Upplýstur br. Gísli Örvar Ólafsson er hér með skipaður til að vera Fylgdarmaður Stórmeistara Reglunnar.
 21. Háttupplýstur br. r.p. Jónas Þórisson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með skipaður til að vera Söngstjóri til næstu Stórhátíðar.
 22. Háttupplýstur br. r.p. Gísli Marteinsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti E. A. Stú.
 23. Upplýstur br. Karl Hólm Gunnlaugsson er hér með skipaður til að vera E. A. Stú.
 24. Háttupplýstur br. r.p. Ásgeir Ölver Friðsteinsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti Y. A. Stú.
 25. Upplýstur br. Matthías Daði Sigurðsson er hér með skipaður til að vera Y. A. Stú.
 26. Hæstlýs. br. Jón Helgi Sigurðsson er hér með skipaður til að vera Aðstoðar Siðameistari
 27. Hæstlýs. br. Guðmundur Egill Ragnarsson er hér með skipaður til að vera Aðstoðar Siðameistari.
 28. Jón Friðsteinsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með skipaður til þess að vera áfram Skrásetjari til næstu Stórhátíðar
 29. Háttupplýstur br. r.p. Einar Esrason, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með skipaður til að vera A. Skdv. til næstu Stórhátíðar.
 30. Háttupplýstur br. r.p. Helgi Viktorsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með skipaður til þess að vera Aðstoðar Búningavörður til næstu Stórhátíðar.
 31. Háttupplýstur br. r.p. Brynjólfur Halldórsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með skipaður til þess að vera áfram Aðstoðar Búningavörður til næstu Stórhátíðar.
 32. Háttupplýstur br. r.p. Kristján Helgi Jóhannsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með skipaður Aðstoðar Búningavörður til næstu Stórhátíðar.
 33. Upplýstur br. Kristján Antonsson er hér með skipaður til þess að vera Aðstoðar Söngstjóri.
 34. Upplýstur br. Sigurður Hallur Sigurðsson er hér með leystur frá embætti Aðstoðar Söngstjóra að eigin ósk.

Stúartstúkan á Akureyri

35. Háttupplýstur br. r.p. Björn Balduursson, sem náð hefur hámarksaldri embættismanna, er hér með leystur frá embætti Yf. Stú. M.
36. Háttupplýstur br. r.p. Ingólfur S. Ingólfsson er hér með skipaður til að vera Yf. Stú. M. jafnframt er hann leystur frá störfum sem Stú. M.
37. Upplýstur br. Magnús Ólafsson er hér með skipaður til þess að vera Stú. M.
38. Háttupplýstur br. r.p. Gunnar Þ. Sigvaldason er hér með leystur frá embætti A. Y. Stv. að eigin ósk.
39. Hæstlýsandi br. Sigmundur Sigmundsson er hér með skipaður til þess að vera A. Y. Stv.
40. Hæstlýsandi br. Gunnar Kristinsson er hér með leystur frá embætti A. Sm. að eigin ósk.
41. Hæstlýsandi br. Ari Fossdal er hér með skipaður til að vera A. Sm.

Ráð Reglunnar

Stúkuráð

42. Háttupplýstur br. r.p. Jónas Gestsson er hér með skipaður til þess að eiga sæti í Stúkuráði til Stórhátíðar 2014.
43. Upplýstur br. Steingrímur Sævarr Ólafsson er hér með skipaður til þess að eiga sæti í Stúkuráði til Stórhátíðar 2014.
44. Upplýstur br. Sigmundur Örn Arngrímsson, sem lokið hefur skipunartíma sínum, er hér með leystur frá setu í Stúkuráði.
45. Háttupplýstur br. r.p. Guðmundur Kristján Tómasson er hér með skipaður til að eiga sæti í Stúkuráði til Stórhátíðar 2014.

Fræðaráð

46. Háttupplýstur br. r.p. Snorri Egilsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Fræðaráði til Stórhátíðar 2014.

Styrktarráð

47. Upplýstur br. Guðmundur Kristján Kolka, sem lokið hefur skipunartíma sínum, er hér með leystur frá setu í Styrktarráði.
48. Upplýstur br. Flosi Sigurðsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Styrktarráði til Stórhátíðar 2014.
49. Upplýstur br. Willy Petersen er hér með skipaður til setu í Styrktarráði til Stórhátíðar 2014.
50. Háttupplýstur br. r.p. Sigurður Halldórsson er hér með skipaður til setu í Styrktarráði til Stórhátíðar 2014.
51. Upplýstur br. Sigurbór Charles Guðmundsson er hér með skipaður til setu í Styrktarráði til Stórhátíðar 2014.
52. Hæstlýsandi br. Baldvin Ómar Magnússon er hér með skipaður til setu í Styrktarráði til Stórhátíðar 2014.
53. Hæstlýsandi br. Jakob Möller er skipaður til að vera ritari ráðsins.

ÁTT ÞÚ ÞÉR DRAUM?



SOFÐU RÓTT Í ALLA NÓTT

ARSHI 03/2



rekkjan

Frá fræðslunefnd

Um sjötíu dönsk frímúraraerindi bíða þýðingar

Fræðslunefnd Reglunnar hefur verið að vinna að öflun nýrra fræðsluerinda og rannsóknarefnis frá öðrum reglum er starfa í sænska kerfinu. Stórt skref var stigið í þessa átt þegar tekið var við stórgjöf frá dönsku Reglunni DDFO nýlega, en það eru nýjar útgáfur allra stigsbóka og fræðsluerinda frá Fræðaráði þeirra. Þetta er afrakstur af vinnu Fræðaráðs okkar og heimsóknar formanns Fræðslunefndar til Kaupmannahafnar núna í febrúar.

Um er að ræða nær 70 erindi sem nú er þörf að þýða yfir á íslensku. Einnig er von á erindum frá Noregi og Svíþjóð, en unnið er að því með samvinnu við fræðaráð og fræðslunefndir þar í landi. Fræðslunefnd vill beina því til bræðra sem eru vanir þýðingum eða vilja vinna að þessu verkefni með nefndinni að bjóða sig fram til verka. Óskað er eftir mönnum sem vilja vinna að þessum þýðingum með öðrum þannig að bæði er leitað til bræðra

sem vilja þýða beint og annarra sem geta unnið að frágangi á íslenska textanum, staðfæringu og prófarkarlestri. Fræðslunefndin mun hafa umsjón með verkefninu en þýðingarnar verða gefnar út af Fræðaráði fyrir bókasöfn Reglunnar um allt land. Þeir sem vilja leggja þessu verkefni lið eru beðnir að hafa samband við formann Fræðslunefndar, sr. Kristján Björnsson, klerkur@simnet.is, eða aðra nefndarmenn.

Kristján Björnsson

Framúrskarandi þjónusta



Hiá Útfari



www.ekran.is



www.kjarnaefadi.is



www.banar.is



preben@thvottur.is



Sími 461 2911 - www.utras.is

mbl.is



www.norlandair.is



www.dregg.is



www.vn.is



www.rafeyri.is



www.tengir.is



Þínar þarfir - okkar þjónusta.

www.holdur.is



Betra brauð með súpunni!





Grand

RÁÐSTEFNUR OG VEISLUHÖLD

Hjá **Grand Hótel Reykjavík** leggjum við okkur fram um að bjóða bestu og tæknilega fullkornustu ráðstefnuaðstöðu á landinu.

Á hótelinu er frábær aðstaða fyrir 6–450 manna ráðstefnur, 14 funda- og veislusalir og aðstaða fyrir stórsýningar og stórar og smáar veislur. Fjarfundir og beinar útsendingar.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík
Sími 5148000 / Fax 5148030 / www.grand.is / radstefnur@grand.is



Opnunartímar bókasafna Reglunnar

Reykjavík:

Mán., þrið. og mið. kl. 17.00 – 18.30
Sunnudaga kl. 10.00 – 11.30

Akureyri:

Þriðjudaga kl. 17.00 – 18.30
Sunnudaga kl. 10.00 – 11.30

Hafnarfjörður:

Mánudaga kl. 19.00 – 20.30
Laugardaga kl. 13.00 – 14.30, sunnudaga kl. 10.00 – 11.30

Sverd

Úrval af sverðum alltaf á lager
Einnig hattar, skart og gjafavörur

Bróðir.is
Serverslun með gjafavörur

Íslenskt handverk.

Tvar Þ. Björnsson.

Básbryggja 51
110 Rvk.
Gsm. 899-9760

8° þykkir. JB hringar sem eru númeraðir.

Brjósthappar Sérsmíðaðir. Brjósthappar.

Ermahnappar. Ermahnappar.



SVANHVÍT
Efnalaug - Þvottahús

BRAEÐRATILBOÐ

Svanhvít efnalaug býður öllum bræðrum
30% afslátt af hreinsun á kjólfötum
og öllu sem þeim tilheyrir.
(Kjóljakki, buxur, vesti, slaufa o.s.frv.)

Stakar skyrtur 330 krónur stykkið!
(Þvegin, pressuð og pökkuð)

Svanhvít efnalaug er staðsett á þremur stöðum í borginni:

Hverafold 1 - 3

112 Reykjavík
Sími 511-1710

Smáralind

(Hjá Smáraskóara)
201 Kópavogi
Sími 544-2277

Grettisgötu 3

(hjá Þránni skóara)
101 Reykjavík
Sími 552-1785

svanhvit@svanhvit.is  www.svanhvit.is

SÉRFRÆÐINGAR Í

SAGE



SIMMS.



Veiðihornið
er Simmsbúðin

SIMMS VÖDLUPAKKI

Hágæða, léttar
öndunarvöðlur og
sterkir skór.
Láttu þér líða
vel!

Aðeins
49.900,-



VEIÐIHORNIÐ

Metnaður okkar er að þjónusta viðskiptavini af þekkingu og reynslu og tryggja þeim ánægjulega og árangursríka veiðiferð.

Veiðihornið
er Sagebúðin

Nýja VXP stöngin
sem allir eru að
tala um og allar
hinar vinsælu
Sage flugustan-
girnar.
Sage Vantage
aðeins frá
44.900,-

MUNIÐ VINSÆLU GJAFABRÉFIN OKKAR